

Efni: Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, þskj. 649 - 427. mál

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. febrúar 2015.

Með frumvarpinu er lagt til að mótuð verði og samræmd stefna um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum. Það verði gert með stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára og þriggja ára verkefnaáætlun.

Í 2. gr. frumvarpsins er hugtakið ferðamannleið skilgreint sem skilgreind leið sem tengir saman ferðamannastaði - getur verið gönguleið, reiðleið eða reiðhjólaleið. Þá er hugtakið ferðamannastaður skilgreint sem skilgreindur staður sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans og sögu. Og að lokum er hugtakið ferðamannsvæði skilgreint sem landsvæði sem ferðamenn sækja vegna náttúru þess og tekur til fleiri en eins ferðamannastaðar. Eins og þessar skilgreiningar liggja fyrir hljóta þær að eiga jafnt við um jarðir í eigu og umsjá opinberra aðila og jarðir í einkaeigu. Í IV. kafla athugasemda með frumvarpinu kemur fram að frumvarpið kveði á um að landeigendur eignarlanda þurfi að samþykka hvort land þeirra verði hluti af landsáætluninni. Þetta kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu sjálfu. Í 7. gr. frumvarpsins segir einungis að ferðamannaleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði í eigu hins opinbera falli sjálfkrafa undir landsáætlun og verkefnaáætlun. Í 7. gr. kemur jafnframt fram að sveitarfélög skuli gera tillögur um ferðamannastaði, leiðir og svæði sem liggja innan marka þeirra og eru ekki í eigu hins opinbera sem þau kjósa að falli undir áætlanirnar. Samkvæmt orðanna hljóðan eiga sveitarfélög þannig að gera tillögur af þessu tagi um ferðamannastaði á landi í einkaeigu. Í 8. gr. frumvarpsins kemur svo fram að um ferðamannaleiðir, ferðamannastaði og ferðamannasvæði sem eru ekki í eigu opinberra aðila skuli gera samning um vernd, uppbyggingu, viðhald og aðgengi ferðamanna. Eins og frumvarpstextinn liggur fyrir er vandséð annað en að landsáætlun og verkefnaáætlun eigi að taka til allra ferðamannaleiða, ferðamannastaða og ferðamannasvæða, hvort sem þessir staðir eru í eigu opinberra aðila eða í einkaeigu. Að auki er, eins og frumvarpið liggur fyrir, lögð lagaskylda á eigendur lands að gera samning við ótilgreindan aðila um aðgengi ferðamanna að landinu. Það er auðvitað ekki hægt að skylda landeigendur eða bændur til þess að gera samning við ríkið um aðgengi ferðamanna eða uppbyggingu innviða á þeirra eigin landi. Þetta getur ekki verið ætlunin.

Stefnumarkandi áætlanir um land í einkaeigu verða ekki gerðar án þess að eigendur þess samþykki þátttöku í þeim. Bændasamtök Íslands leggja þunga áherslu á, að sem mest samráð verði haft við bændur og félög bænda í þegar leiðir um jarðir þeirra eru skipulagðar og að samþykki þeirra verði áskilið. Það er og ófrávikjanlegt skilyrði að áætlanir um land þar sem búskapur er stundaður eða þar sem búskapur er stundaður í grennd hafi ekki takmarkandi áhrif á búskap á nærliggjandi svæðum. Það er jafnframt ófrávikjanlegt skilyrði að ekki verði gengið á stjórnarskrárvarinn eignarrétt landeigenda. Allar áætlanir af þessu tagi sem taka til lands í einkaeigu eða hafa bein eða óbein áhrif á það verður að ræða í samráði við landeigendur og gæta þess að þær samrýmist nýtingu þeirra og hagsmunum. Þá verða landeigendur og bændur

að hafa möguleika til þess að takmarka umferð um land sitt og þeir hljóta að áskilja sér rétt til þess. Fjölmargar svokallaðar ferðamannaleiðir og reiðleiðir liggja um land í einkaeigu og þótt landeigendur þyrftu að samþykkja þátttöku í landsaáætluninni er óljóst hvernig farið skuli með leiðir sem liggja að hluta um land í einkaeigu.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um verkefnisstjórn. Í henni eiga m.a. Landssamtök landeigenda sæti. Bændasamtökin telja eðlilegt að þegar um er að ræða jafn umfangsmikið verkefni sem snertir í mörgum tilvikum, og e.t.v. flestum tilvikum jarðir í einkaeigu og/eða þar sem búskapur er stundaður að gert sé ráð fyrir aðild samtaka bænda að þessari verkefnisstjórn. Í 6. gr. er einnig fjallað um samráð. Bændasamtökin hvetja til þess að þessar hugmyndir verði ekki rædda nema samráði við heimamenn á hverjum stað.

Það er í besta falli mjög óljóst hverjir snertifletir þessa frumvarps við hagsmuni bænda og landeigenda kunna að vera. Bændasamtök Íslands leggjast þess vegna gegn samþykkt þess eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands
Elías Blöndal Guðjónsson lögr.